# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 4. september kl. 10:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 787. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Ólafur Melsted, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Ævar Harðarson og Haraldur Sigurðsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpidalur,** *breyting á deiliskipulagi vegna reits e3* (04.14) Mál nr. SN200386 Skjalnr. 8869

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
580169-7409 Golfklúbbur Reykjavíkur, Pósthólf 12067, 132 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Komi til auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr., sbr. 12. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

2. **Kjalarnes, Esjumelar,** *breyting á deiliskipulagi - R19070109* (34.2) Mál nr. SN190542 Skjalnr. 10184

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. ágúst 2020 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. ágúst 2020 þar sem tilkynnt er að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem ekki liggur fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um deiliskipulagsbreytinguna, sbr. lið í skilmálum breytingar á aðalskipulagi fyrir umrætt svæði (AT5a-b) sem staðfest var 2. september 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 17. ágúst 2020.Jafnframt er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 2. september 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við að tillagan verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.
*Bréf Skipulagsstofnunar dags. 2. september 2020 lagt fram.*

3. **Vogabyggð svæði 1,** *breyting á deiliskipulagi* (01.45) Mál nr. SN200339 Skjalnr. 13136

Þorsteinn Ingi Garðarsson, Hléskógar 14, 109 Reykjavík
701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Þorsteins Inga Garðarssonar dags. 29. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna lóðar nr. 1.6. Í breytingunni felst m.a. að heimila aukið byggingarmagn og reisa íbúðir í þremur húshlutum ofan á bílgeymslu, fækka bílastæðum í götu, gera þemagarð á borgarlandi austast á svæðinu ásamt því að breyta lögun lóðar og götu, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 16. júní 2020. Einnig eru lagðir fram skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018 br. 16. júní 2020, minnisblað Eflu dags. 12. mars 2019 um hljóðmælingar og umboð Gelgjutanga ehf. dags. 25. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

4. **Fálkagata 18,** *Breyta gluggum, hurðum og innra skipulagi á 1.hæð, verslun í 3 vinnustofur.* (15.530.09) Mál nr. BN058030 Skjalnr. 11995

660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. ágúst 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta gluggum á 1. hæð, breyta verslunarhúsnæði á 1. hæð í þrjár vinnustofur og geymslur tengdar þeim í kjallara, einnig er stigi milli kjallara og fyrstu hæðar fjarlægður og aðkomu að kjallara breytt þannig að inngangur verður frá norðurhlið hússins á lóð nr. 18. við Fálkagötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 27. júlí 2020 og yfirlit yfir breytingar. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.*

5. **Sigtúnsreitur, veitulóð,** *breyting á deiliskipulagi* (01.36) Mál nr. SN200418 Skjalnr. 9988

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu Sigtúnsreitur vegna stofnunar nýrrar lóðar fyrir Veitur ohf. við Engjateig. Veitur og Reykjavíkurborg gera með sér makaskiptasamning á lóðum. Núverandi lóð Veitna ohf. að Lágmúla 2 verður færð til Reykjavíkurborgar og fá Veitur þess í stað nýja lóð við Engjateig fyrir framtíðar borholuhús. Hin nýja lóð Veitna er jafn stór þeirri gömlu, 1874m2. Einnig er skilgreint 6500m2 helgunarsvæði fyrir bor, tæki og mannvirki sem tengjast því þegar borað er fyrir heitu vatni, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 24. júní 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

6. **Hofteigur 22,** *Hækkun á þaki bílskúrs - áður gert* (13.641.06) Mál nr. BN058002
Skjalnr. 14326

Halldór Guðni Sigvaldason, Hofteigur 22, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. september 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðri hækkun á bílskúrsþaki í eigu íbúðar 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 22 við Hofteig, samkvæmt uppdr. Sæmundar Óskarssonar dags. 5. maí 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2020. Stækkun: x.xx rúmm. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 5. maí 2020 ásamt samþykki eiganda íbúðar 0201 að Hofteigi 20, dags. 5. maí 2020. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hofteigi 20.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

7. **Ingólfsstræti 21,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN200529
Skjalnr. 5288

490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Studio Granda ehf. dags. 31. ágúst 2020 ásamt bréfi dags. 31. ágúst 2020 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.2 vegna lóðarinnar nr. 21 við Ingólfsstræti sem felst í að rífa 38,3 m2 geymsluskúr á baklóð með hæð og risi og byggja þess í stað 290,6 m2 nýbyggingu, íbúðarrými, sorp-, hjóla-, og vagnageymsla, á baklóð með hæð og risi, samkvæmt uppdr. Studio Granda dags. í ágúst 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.*

8. **Kjartansgata 9,** *(fsp) breyting á notkun bílskúrs* (01.247.3) Mál nr. SN200518
Skjalnr. 14331

Arnór Kárason, Mávahlíð 34, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arnórs Kárasonar dags. 26. ágúst 2020 um að breyta notkun bílskúrs á lóð nr. 9 við Kjartansgötu í íbúð, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.*

9. **Sogavegur 94,** *(fsp) stækkun húss* (01.815.106) Mál nr. SN200469
Skjalnr. 14315

Birkir Hrafn Jóakimsson, Sogavegur 94, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2020 var lögð fram fyrirspurn Birkis Hrafns Jóakimssonar, dags. 17. júlí 2020, um stækkun hússins á lóð nr. 94 við Sogavegað sem felst í að byggja ofan á anddyri hússins þar sem nú eru svalir, samkvæmt skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020 samþykkt.*

10. **Nýr Landspítali við Hringbraut,** *breyting á deiliskipulagi* (01.19) Mál nr. SN200395 Skjalnr. 12506

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf., dags. 23. júní 2020, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst breikkun á Burknagötu vegna tilkomu borgarlínu og færslu og breytingar á byggingarreitum sunnan götunnar sem nemur breikkuninni. Í tengslum við þessa færslu verða einnig afleiddar breytingar á staðsetningu byggingarreita randbyggðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Spital ehf., dags. 23. júní 2020. Einnig er lagt fram bréf Gunnars Svavarssonar f.h. NLSH ohf.dags. 19. júní 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

11. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi,,** *deiliskipulag* Mál nr. SN200207 Skjalnr. 8534

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á þremur lóðum, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpsuppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 25. júní 2020. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 196 frá 2019. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Anna Guðmundsdóttir dags. 20. ágúst 2020, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Salvör Jónsdóttir og Jóhann Friðriksson dags. 28. ágúst 2020, Sólveig Jónsdóttir, Siguður Á. Þráinsson, Halldór Árnason, Anna Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Árni Halldórsson, Marta María Halldórsdóttir og Ingibjörg Jóna Halldórsdóttir dags. 30. ágúst 2020, Eyvindur Árni Sigurðarson dags. 30. ágúst 2020, Snjólaug Árnadóttir dags. 31. ágúst 2020, Soffía Óladóttir dags. 31. ágúst 2020, Einar Ólafsson dags. 31. ágúst 2020 og Bjarki Már Baxter hjá Málþingi lögmannsstofu f.h. sjálf síns, Einars Ólafssonar, Gunnhildar Stefánsdóttur, Arnars Vilmundarsonar og Signýjar Sifjar Sigurðardóttur dags. 31. ágúst 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

12. **Línbergsreitur, Grandagarði,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN190526 Skjalnr.

430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf., dags. 5. september 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar - Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að skipta svæðinu upp í fimm lóðir, niðurrifi eldri bygginga og byggingu nýrra og hærri húsa eða 2-4 hæðir ásamt byggingu bílastæðahúss fyrir um 300 bíla, samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun fyrir Örfirisey og Granda dags. 2009, minnisblað teiknistofunnar Stiku dags. 28. maí 2019, minnisblað Eflu dags. 20. júní 2019, tvær skýringamyndir teiknistofunnar Stiku ódags., og kynningarhefti ASK Arkitekta ehf. dags. 5. september 2019. Jafnframt er lögð fram drög að viljayfirlýsingu dags. í júní 2019, umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 17. september 2019, bréf Faxaflóahafna sf. dags. 20. september 2019 og minnisblað Faxaflóahafna fs. dags. 25. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Eftirfarandi sendu inn athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 31. ágúst 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Vesturgata 42,** *(fsp) hækkun húss* (01.131.2) Mál nr. SN200430 Skjalnr. 14299

430289-1529 Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Baldurs Ólafs Svavarssonar dags. 30. júní 2020 ásamt bréfi dags. 30. júní 2020 um hækkun hússins á lóð nr. 42 við Vesturgötu um eina hæð.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Einarsnes 4-10,** *4 - Breyta bílskúr í íbúðarrými* (16.711.01) Mál nr. BN058040 Skjalnr. 14325

Páll Rafnar Þorsteinsson, Einarsnes 4, 102
Hulda Guðjónsdóttir, Einarsnes 4, 102

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. ágúst 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innbyggðum bílskúr í íbúðarrými, opna á milli bílskúrs og íbúðar þannig íbúðrýmið tilheyri íbúðinni, breyta bílskúrshurð í gönguhurð með gluggum fyrir ofan og á vesturhlið verða settir gluggar og hurð, í húsi i á lóð nr. 4 við Einarsnes. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2020.
Gjald kr.11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2020 samþykkt.*

15. **Laugarnesvegur 40,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.360.404) Mál nr. SN200474 Skjalnr. 14317

Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík
431296-2099 Laugarnesvegur 40,húsfélag, Laugarnesvegi 40, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Laugarnesvegar 40, húsfélags, dags. 24. júlí 2020 um að gera byggingarreit fyrir bílskúr á lóð nr. 40 við Laugarnesveg, samkvæmt skissu ódags. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2020 samþykkt.*

16. **Fannafold 170,** *breyting á deiliskipulagi* (02.852.6) Mál nr. SN200420 Skjalnr. 14227

Tryggvi Jónasson, Fannafold 170A, 112 Reykjavík
581298-3589 Kristinn Ragnarsson,arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 25. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi norðan Grafarvogs vegna lóðarinnar nr. 170 við Fannafold. Í breytingunni felst að viðbygging 3x5 m. fer út fyrir byggingarreit á vesturhluta lóðar, auk anddyris byggingu á suðurhlið sem er 2,74m2. Byggingarmagn eykst um 15m2 og verður því samanlagt um 320 m2. Grunnflötur hússins verður 245 m2, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar arkitekts ehf. dags. 23. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Fannfold 158, 158a, 160, 168 og 168a.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. sbr. 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

17. **Miklabraut 46,** *(fsp) vinnustofa/bílskúr* (01.170.1) Mál nr. SN200530 Skjalnr. 10556

Gestur Ragnar Bárðarson, Miklabraut 46, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gests Ragnars Bárðarsonar dags. 31. ágúst 2020 um að byggja vinnustofu/bílskúr á lóð nr. 46 við Miklubraut, vestan við eldri bílskúr og ná að lóðamörkum lóðar nr. 44 við Mikklubraut. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020 samþykkt.*

18. **Þorragata 1,** *Stækkun garðhúss* (16.357.09) Mál nr. BN057848
Skjalnr. 6210

460284-0589 Sælutröð,dagvistunarfélag, Þorragötu 1, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka garðstofu á vesturenda Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu. Erindi var grenndarkynnt frá 31. júlí 2020 til og með 28. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sesselja Bjarnadóttir dags. 28. ágúst 2020. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.
Stækkun: 10,3 ferm., 32,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. a- lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019.*

19. **Bláskógar 5,** *(fsp) innkeyrsla* (04.941.1) Mál nr. SN200512
Skjalnr. 14327

Svavar Páll Pálsson, Bláskógar 5, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2020 var lögð fram fyrirspurn Svavars Páls Pálssonar dags. 19. ágúst 2020 um að gera innkeyrslu á lóð nr. 5 við Bláskóga , samkvæmt skissu á ljósmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020 samþykkt.*

20. **Þverás 10,** *(fsp) - Uppsetningu glugga breytt* (47.243.05) Mál nr. BN057989
Skjalnr. 14330

Björg Sighvatsdóttir, Þverás 10, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. ágúst 2020 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að skipta um glugga og breyta uppskiptingu þeirra í íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 10 við Þverás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

21. **Hraunbær 103A,** *framkvæmdaleyfi* (04.331.1) Mál nr. SN200536
Skjalnr. 8320

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 1. september 2020 um framkvæmdaleyfi vegna framlengingu á götu við Hraunbæ 103A og viðbótar göngustíga. Einnig er lagt fram teikningasett dags. í ágúst 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

22. **Tunguvegur 12,** *Bílskúr á lóð* (18.223.03) Mál nr. BN057999
Skjalnr. 14263

Þorgrímur Þráinsson, Tunguvegur 12, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 12 við Tunguveg, samkvæmt uppdr. Sigurðar Kristjánssonar dags. 26. júlí 2020.
Stærð: 32.6 ferm., 97.8 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 15. ágúst 2020, mæliblað 1.822.3 síðast útgefið 9. maí 2011 og hæðablað útgefið í ágúst 2001.
Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Tunguvegi 10, 14 og Rauðagerði 53 og 55.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

23. **Langholtsvegur 89,** *(fsp) svalir, gluggar o.fl.* (01.410.0) Mál nr. SN200277
Skjalnr. 9599

490103-3250 Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Aflorku dags. 30. apríl 2020 um að setja svalir og svalahurð á austurhlið hússins á lóð nr. 89 við Langholtsveg, skipta út og breyta gluggum á suðurhlið hússins, setja skyggni/þakkant eins og er á húsinu á vesturhlið bílskúrs og loka fyrir glugga á norðurhlið hússins vegna klæðningar á bílskúr, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4.september 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4.september 2020 samþykkt.*

24. **Jöfursbás 5 og 7,** *(fsp) breytingu á deiliskipulagi* Mál nr. SN200520
Skjalnr. 14333

500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
511017-0410 Fasteignaþróunarf. Spilda ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 26. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness vegna lóðar nr. 5 og 7 við Jöfursbás sem felst í stækkun lóða. Nýtingarhlutfall helst óbreytt en byggingarmagn eykst í hlutfalli við stækkun lóðanna. Einnig er lögð fram tillaga Arkþings - Nordic ehf. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Rökkvatjörn 2,** *breyting á deiliskipulagi* (05.052.5) Mál nr. SN200532
Skjalnr. 14215

671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonaar dags. 31. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 2 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að í stað einnar byggingar koma 3 punkthús með allt að 52 íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkþing/nordic ehf. ódags.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*

26. **Hverfisgata 46,** *málskot* (01.172.0) Mál nr. SN200161
Skjalnr. 8146

671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lagt fram málskot Þingvangs dags. 10. mars 2020 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 31. janúar 2020 varðandi rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 46 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram tillaga Arkþings - Nordic ehf. ódags. Jafnframt er lögð fram yfirlýsing frá rekstraraðilum dags. 24. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti frá Þingvangi dags. 4. september 2020 þar sem málskotið er degið til baka.
*Erindi dregið til baka, sbr. tölvupóst Þingvangs dags. 4. september 2020.*

27. **Norðurstígur 5,** *málskot* (01.132.0) Mál nr. SN200507
Skjalnr. 9616

Halla Dögg Önnudóttir, Norðurstígur 5, 101 Reykjavík
Lára Garðarsdóttir, Norðurstígur 5, 101 Reykjavík
Jón Þór Bergþórsson, Norðurstígur 5, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2020 var lagt fram málskot Höllu Daggar Önnudóttur, Láru Garðarsdóttur og Jóns Þórs Bergþórssonar dags. 11. ágúst 2020 ásamt fylgiskjölum vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 24. júlí 2020 um að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 5 við Norðurstíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

28. **Mýrargata 21 og 23,** *breyting á deiliskipulagi* (01.116) Mál nr. SN190436
Skjalnr. 13351

Einar Ólafsson, Hvassaleiti 39, 103 Reykjavík
670901-2110 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Einars Ólafssonar, dags. 18. júlí 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að minnka umfang og hæðir kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Turnunum fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 metrum niður í 18 metra og minni turns úr 17. metrum niður í 15 metra og umfang kirkjunnar minnkar, samkvæmt deiliskipulags-, skuggavarps- og skýringaruppdr. Arkiteo ehf. dags. 18. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Íbúaráð Vesturbæjar dags. 31. ágúst 2020, íbúasamtök Vesturbæjar dags. 31. ágúst 2020, Rússneska Rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi dags. 31. ágúst 2020 og Guðmundur Pálsson dags. 1. september 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Grensásvegur 22,** *Viðbygging - breyting 2. hæð* (18.012.15) Mál nr. BN057654
Skjalnr. 12978

670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 2. hæð og bæta við glugga til austurs, og byggja einnar hæða viðbyggingu, gangrými, sem tengir saman hús á lóðum nr. 24 - 26 við skrifstofu- og verslunarhús á lóð nr. 22 við Grensásveg, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 28. júní 2018 br. 7. maí 2020. Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 22-26, dags. 11. maí 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2020. Stækkun: 16.1 ferm., 46.4 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 22-26, dags. 11. maí 2020. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 24 og 26. Lögð fram samþykki eiganda Grensásvegs 24 og 26, dags. 11. maí 2020*
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

30. **Nýlendugata 34,** *Breyting á erindi BN055571* (11.302.23) Mál nr. BN058082
Skjalnr. 13702

500818-0850 Nýlendugata 34 ehf., Dalaþingi 9, 203 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi, BN055571, sem felst í því að vinnustofu 0102 er breytt í íbúð þannig að íbúðir verða 7 í stað 6, breyta innra skipulagi og umgjörð glugga á suðurhlið húss á lóð nr. 34 við Nýlendugötu, samkvæmt uppdr. Arkþings síðast breytt dags. 17. ágúst 2020.
Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

31. **Brekkustígur 3A,** *(fsp) viðbygging og svalir* (01.134.1) Mál nr. SN200537 Skjalnr. 14332

Arndís Kristjánsdóttir, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Birta Fróðadóttir, Álafossvegur 27, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Arndísar Kristjánsdóttur dags. 21.. ágúst 2020 um að gera viðbyggingu á einni hæð, 2,5 m út í bakgarð, aftan við húsið nr. 3A við Brekkustíg og gera svalir af 2. hæð ofan á viðbygginguna. Fáist samþykki lóðarhafa Brekkustígs 3 er óskað eftir að sorphirða verði í gegnum innkeyrslu Brekkustígs 3. Heildarstækkun breytinga væri 32 m2.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

32. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafj. Breytt landnotkun,** *breyting á aðalskipulagi* Mál nr. SN200325 Skjalnr. 5987

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í júní 2020, ásamt umhverfisskýrslu, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar skipulag byggðar í Skerjafirði. Í breytingunni felst breytt landnotkun, breytingar á byggingarmagni, lega stofn- og tengistíga er fest niður og tekið er tillit til umferðatenginga ásamt því að umfang landfyllinga er minnkað. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst 2020.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

33. **Víðimelur 29,** *Breyting - úti og inni - fimm sjálfstæðar íbúðir.* (15.411.01) Mál nr. BN058043 Skjalnr. 13005

Friðbert Friðbertsson, Nýhöfn 7, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. ágúst 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og gera fimm sjálfstæðar íbúðir í húsinu, fjarlægja reykháf sem snýr að götuhlið, stækka svalir, síkka glugga í kjallara og setja nýja kvisti og þakglugga á hús á lóð nr. 29 við Víðimel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á útliti hússins og bréf Minjastofnunar dags. 2. júlí 2020.
Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020 samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.

Björn Axelsson